

Aðalfundur

Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu

21.03.2024

Á Grand hótél – Háteigi kl. 16.30

Þórarinn Eyfjörð setti fundinn og kynnti tillögu um fundarstjóra og ritara. sem var samþykkt með lófataki. Fundurinn er 6. aðalfundur Sameykis. Fyrir fundinn voru skráðir 100 manns í sal og um 70 manns á netinu. Færri mættu en voru skráðir en í heildina voru rúmlega 80 manns sem tóku þátt í rafrænum kosningum. Var síðan gengið til dagskrár.

Starfsmenn fundarins voru skipaðir:

Fundarstjóri: Þórveig Þormóðsdóttir

Fundarritarar: Rut Ragnarsdóttir og Svanhildur Steinarsdóttir

Umsjón fjarfundar: Jóhanna Þórdórsdóttir, Axel Jón Ellenarson og Vilhjálmur Ólafsson

Umsjón rafrænnar atkvæðagreiðslu: Þórður Höskuldsson

Þórveig Þormóðsdóttir fundarstjóri tekur því næst við fundi og kynnir fyrir fundarmönnum hvar fundargögn er að finna, en ársskýrsla og ársreikningar liggja í anddyri framan við fundarsal. Hún býður Þórði Höskuldssyni að kynna hvernig atkvæðagreiðsla fer fram á fundinum. Hann fór yfir glærur til að skýra betur fyrir fundargestum hvernig atkvæðagreiðslan fer fram.

Fundarstjóri leggur fram þá tillögu að ef ekki komi fram athugasemdir við skýrslu stjórnar og ársreikning þurfi ekki að ganga til rafrænnar atkvæðagreiðslu um þau gögn. Þess þurfi hins vegar þegar kosið er um lagabreytingar og ályktanir og ef gerðar eru breytingartillögur að þeim.

Rafræn atkvæðagreiðsla um þessa tillögu fer fram og er hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta greiddra atkvæða eða 92,98% atkvæða, en samtals tóku 57 manns þátt í kosningunni.

Dagskrá:

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.

Þórarinn Eyfjörð formaður flytur skýrslu um starfsemi félagsins.

Ágætu fundarstjórar, kæra félagsfólk, hér í sal og á netinu.

Skýrsla stjórnar Sameykis liggur hér frammi í prentuðum eintökum og hefur einnig verið send þeim sem sækja fundinn gegnum netið. Að venju miðast tölulegar upplýsingar við almanaksárið en efnislegir þættir eru miðaðir við starfsár stjórnar.

Ég þakka öllu félagsfólki, sem gegnt hefur trúnaðarstörfum, fyrir mikið og gott starf í þágu Sameykis á árinu. Fjölbreytt verkefni hafa verið á dagskrá okkar. Meðal þeirra helstu voru kjarasamningar við sveitarfélögin og verkföll á síðasta vori, gerð

kjarasamninga sem voru lausir á haustmánuðum, og síðan undirbúningur kjarasamninga og kjaraviðræður sem nú standa yfir.

[Stjórn]

Stjórn félagsins hélt 31 fund á árinu. Í stjórninni sitja núna fjórtán manns, úr ólíkum áttum, og gæta þau saman að hagsmunum alls félagsfólks. Auk mín eru í stjórn Ingibjörg Sif Sigríðardóttir varaformaður, Elín Helga Sanko ritari, Berglind Margrét Njálisdóttir, Bryngeir A. Bryngeirsson, Egill Kristján Björnsson, Gunnar Rúnar Matthíasson, Herdís Jóhannsdóttir, Ingunn Hafdís Þorláksdóttir, Jóhanna Lára Óttarsdóttir, Kári Sigurðsson, Ólafía L. Sævarsdóttir, Rut Ragnarsdóttir og Svanhildur Steinarsdóttir. Ég vil nota tækifærið og þakka öllu þessu góða stjórnarfólki fyrir samstarfið á liðnu starfsári.

[Helstu verkefni ársins]

Eins og áður segir þá voru kjarasamningar meðal mikilvægustu verkefna Sameykis á árinu. Samhliða voru haldnir morgunverðarfundir og hádegisverðarfundir víða um land, þar sem verkefnið var að greina og gera tillögur um hvað ætti helst að leggja áherslu á, í þeim kjarasamningsviðræðum sem við erum í núna. Áherslur félagsfólks okkar voru keimlíkar hringinn í kring um landið. Helstar voru þær að auka kaupmátt og verja hann, útfæra styttingu vinnuvikunnar með skilvirkari hætti fyrir félagsfólk, jafna laun milli opinbera markaðarins og almenna markaðarins, réttur til að sinna nákomnum vegna veikinda eða leyfi til fjarveru vegna andláts nákominna, launajafnrétti í framkvæmd. Auk fjarfunda, voru fundir í Reykjavík, á Akranesi, Ísafirði, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og á Selfossi. Þó umræður um kjarasamninga hafi verið í forgrunni þá var einnig markmið með fundunum að auka samtal og styrkja tengslin því ekkert er betra en að hittast í eigin persónu, og ræða hugmyndir um hvaða leiðir eru bestar til að ná fram markmiðum okkar félagsfólks.

[Jöfnun launa]

Á haustdögum og í vetur var fyrsta áfangasamkomulagi um Jöfnun launa á milli markaða hrint í framkvæmd. Þar var um að ræða lítið skref sem tók til tiltekinna starfsheita innan heilbrigðiskerfisins og menntakerfisins. Þetta litla skref er alls ekki nein heildarlausn, en þetta er byrjunarskref og fleiri hópar koma inn í myndina eftir því sem verkinu vindur fram. Verkefnið byggir á samkomulagi BSRB, BHM og KÍ við Ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin frá 2016, en frá þeim tíma hefur verið tekist á um aðferðafræði við greiningar, skýribreytur og viðmiðunartímabil, svo eitthvað sé nefnt. Verkefnið mun halda áfram með áfangaaðgerðum til næstu ára. Á þessu stigi er ekki hægt að segja með vissu hvað það mun taka langan tíma, en það reynir á þolinmæðina.

[Stofnun ársins]

Val á Stofnun ársins 2023, málþing og viðurkenningarhátíð Sameykis, eru stórir viðburðir, sem haldnir eru á hverju ári í tengslum við könnunina Stofnun ársins. Tilgangur þessa verkefnis er veita starfsfólki tækfæri til að meta vinnustað sinn og starfsumhverfi, en um leið að efla vitund stjórnenda á opinberum vettvangi um hvernig starfsfólk upplifir sína vinnustaði. Markmiðið er að varpa ljósi á mannauðsmál og mannauðsstjórnun, vekja athygli á því sem vel er gert en draga líka fram hvar umbótatækifæri er að finna. Við vitum að það er verk að vinna á þessu sviði og Stofnun

ársins hefur skapað góð tækifæri og orðið öflug hvatning fyrir stjórnendur til að nýta sér niðurstöður könnunarinnar.

[Sjóðir]

Sjóðir félagsins störfuðu af krafti líkt og undanfarin ár. Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis afgreiddi 10.905 umsóknir á árinu 2023 en mesti fjöldi afgreiddra umsókna á árinu var í desembermánuði þegar alls 1.619 umsóknir voru afgreiddar úr sjóðnum en það gerir um 80 afgreiddar umsóknir hvern vinnudag. Sjóðurinn greiddi á árinu alls 652.895.924 kr. úr sjóðnum og voru Sjúkradagpeningar þar stærsti liðurinn, eða samtals 312.529.573 kr. krónur.

Umfang starfsins kringum starfsmenntunarsjóðina okkar jókst einnig töluvert og sjóðirnir störfuðu af miklu afli. Á árinu 2023 voru afgreiddir yfir 5000 starfsmenntunarstyrkir til félagsfólks úr menntunarsjóðum Sameykis. Voru verkefni þar að baki afar fjölbreytt en styrkveitingar í námsverkefni félagsfólks voru samtals að upphæð 416.101.926.- kr.

[Orlofssjóður]

Í orlofssjóði var einnig ýmislegt að gerast á árinu. Aðsókn að orlofshúsum hefur verið góð og sjóðurinn hefur bæði staðið að umfangsmiklum viðhalds- og uppbyggingarverkefnum. Á árinu var glæsileg íbúð tekin í notkun á Tenerife. Nýtt hús er í byggingu á Húsavík og skv. áætlun verður að hægt að taka það hús í notkun þegar líður á sumarið. Stærsta verkefni sjóðsins um langa hríð er nú á lokametrum undirbúnings, en það er endurhönnun og nýbyggingar á orlofssvæði félagsins við Úlfljótuvatn. Endurnýjuð orlofsbyggð verður glæsileg, en núna er verkið í útboðsferli og ráðgert að framkvæmdir hefjist í sumar. Verkefnið mun taka tvö til þrjú ár á heildina litið.

[Starfið á skrifstofunni]

Þau eru bæði fjölbreytt og mörg verkefni sem fara í gegnum hendur starfsfólks á skrifstofu Sameykis. Starfsemin byggir á miklum samskiptum við félagsfólk um kjara- og réttindamál, um sjóði félagsins og orlofskerfið okkar. Á skrifstofunni er haldið utan um allt félagsstarf, útgáfu og vefþjónustu, og alla viðburði hjá Sameyki, s.s. fundi stjórnar, trúnaðarmannaráðs, stjórna sjóða og nefnda og allra deilda innan félagsins, einnig Stofnun ársins og fleira.

Félagið er stórt og vaxandi. Fjöldi félagsfólks er orðinn um 14 þúsund og að auki eru rúmlega 2 þúsund manns í Lífeyrisdeildinni. Stöðugt er unnið að því að styrkja starfsumhverfið með það að leiðarljósi að bæta þjónustu við félagsfólk. Einnig var töluvert vinna hjá stjórn og starfsfólki lögð í umbótastarf með það að markmiði að styrkja liðsheildina á skrifstofunni, skýra verkferla og ábyrgðarsvið. Í lok ársins voru starfsmenn 20 talsins og þar af var nýtt starfsfólk átta talsins.

Skrifstofan heldur utan um erlent samstarf sem er mest við norræn systurfélög, NTR eru samtök starfsfólks í almannapjónustu á sveitarstjórnarstigi og NSO eru samtök starfsfólks í almannapjónustu einkum hjá ríkinu. Fulltrúar Sameykis sóttu sitt hvora ráðstefnuna undir hatti þessara samtaka á árinu, auk þess að eiga fulltrúa á alheimspingi samtaka opinbers starfsfólks PSI, en það þing er haldið á 5 ára fresti.

[Félagsstarfið]

Trúnaðarmannaráð er kjarninn í innra starfi félagsins og trúnaðarmenn og stjórn Sameykis mynda saman Trúnaðarmannaráð sem kosið er til tveggja ára í senn. Trúnaðarmenn eru um 320 talsins og hefur þeim fjölgað smám saman síðan Sameyki var stofnað 26. janúar 2019. Trúnaðarmenn eru sterkasta tenging félagsins við vinnustaðina og sinna þeir því afar mikilvægu grasrótastarfi.

Auk þessa erum við með reglulega starfandi málefnaþópa sem eru Menningar- og viðburðanefnd, Framtíðarvinnuþróunarnefnd, Heilbrigðis- og velferðarnefnd, Jafnréttisnefnd, Kjara- og starfsumhverfisnefnd og Umhverfis- og loftlagsnefnd. Að auki nefni ég Laganefnd sem starfað hefur í aðdraganda þessa fundar og Kjörnefnd sem nú hefur mikilvæg verkefni með höndum vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga.

Rétt er að víkja einnig að deildunum innan félagsins; Atvinnubílstjórar hjá Strætó, Háskóladeild Sameykis, Félag íslenskra félagsliða, Landvarðafélag Íslands, Félag áfengis- og vímuefnaráðgjafa, Fangavarðafélag Íslands, Félag heilbrigðisgagnafræðinga og Lífeyrisdeild Sameykis. Auk þess á Sameyki um 30 fulltrúa í um 30 starfshópum á vegum BSRB og samstarfsaðila. Þá eru einnig 160 samstarfsnefndir starfandi við stofnanasamninga hjá ríkinu hverju sinni þegar þeir eru á dagskrá. Þessir innviðir félagsins eru slagæðar Sameykis og mikilvægur hugmyndabrunnur að markmiðum og stefnumiðum félagsins þegar kemur að starfinu utan kjarasamninga.

[Kjarasamningar]

Í lokin vil ég fjalla um stöðuna í kjarasamningaviðræðum. Vel sóttur jólafundur Trúnaðarmannaráðs var undirbúningsfundur fyrir kjarasamningana. Í janúar voru allar samninganefndirnar kallaðar saman á undirbúningsfund, til að skerpa áherslur gagnvart launagreiðendum. Hver samninganefnd hefur síðan fínstillt kröfurnar sín megin en í samninganefndum félagsins eru 69 fulltrúar í 16 samninganefndum, og þá eru fulltrúar frá skrifstofunni ekki taldir með. Við erum búin að gangsetja samninga við Reykjavíkurborg, Ríki, sveitarfélögin, Isavia og Fríhöfnina og aðrir samningar verða gangsettir innan tíðar. Fram undan er heilmikið verk við að koma öllum samningunum í góða höfn.

Kæru félagar

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að þessu sinni en ársskýrsla stjórnar liggur fyrir hér á fundinum og ég hvet ykkur til þess að kynna ykkur hana.

Starfsfólki Sameykis þakka ég kærlega fyrir þeirra góða starf, þrautseigju og úthald. Verkefnin hafa sum verið snúin og álagið stundum mikið en starfsmannahópurinn okkar hefur sýnt það að hann þolir flest og er úrræðagóður þegar á reynir.

Ég hef áður minnst á hversu fjölbreytt félagið okkar er og forsenda þess er auðvitað virkt og áhugasamt félagsfólk. Ég vil því að lokum þakka öllu félagsfólki sem hefur stigið fram og tekið þátt í starfi og verkefnum félagsins á liðnu ári. Þið hafið öll sýnt aðdæunverða hugmyndaauðgi, úthald og áhuga.

Ágæta félagsfólk.

Ég þakka fyrir liðið ár og það traust sem þið hafið sýnt okkur við að leiða félagið áfram í baráttunni.

Nú vil ég bjóða fundarstjóra orðið. Kærar þakkir fyrir gott hljóð.

Fundarstjóri lagði því næst til að umræður um skýrslu stjórnar yrðu í boði eftir kynningu á reikningum félagsins og er það samþykkt.

Pétur Ásbjörnsson tekur til máls og leggur fram þá spurningu af hverju það séu 8 nýir starfsmenn á skrifstofu Sameykis og tíðar mannabreytingar. Fundarstjóri segist koma þessari spurningu á framfæri þegar orðið verður gefið laust um skýrslu stjórnar.

Garðar Svansson gerir þá athugasemd við að ársreikningar verði ekki teknir til atkvæða. Þetta sé stórt félag og greiða eigi atkvæði um ársreikningana. Skýrslu stjórnar sé óþarfi að greiða atkvæði um, en allavega reikning félagsins.

Fundarstjóri leiðréttir að ekki hafi verið lagt til að ekki yrðu greidd atkvæði um ársreikningana, það verði gert. Tillagan hafi snúið að því að atkvæðagreiðslan yrði ekki rafræn.

ef engar athugasemdir kæmu við gögnin

2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár.

Gunnsteinn R. Ómarsson, skrifstofustjóri, fór yfir ársreikninga félagsins fyrir árið 2023. Farið var yfir ársreikninga allra sjóða: félagssjóðs, orlofssjóðs, styrktar- og sjúkrasjóðs, vinnudeilusjóðs, starfsmenntunarsjóðs, fræðslusjóðs og mannauðssjóðs trúnaðarmanna. Hver sjóður er sérstakur lögaðili og með sér stjórn. Reikningarnir eru endurskoðaðir og hafa verið kynntir félagslegum skoðunarmönnum, stjórn og stjórnnum allra sjóða.

Gunnsteinn fór yfir þessa 7 ársreikninga, hver með sína kennitölu, einnig gerði hann grein fyrir samanteknum reikningsskilum.

- Félagssjóður

Jákvæðar fjármunatekjur í þetta sinn

Afkoma ársins 30.472.095 kr.

Eignir samtals 1.122.385.843 kr.

Skuldir og eigið fé 31.122.223 kr.

- Orlofssjóður

Tekjur samtals: 726.051.085 kr.

Afkoma ársins: 190.953.751 kr.

Eignir: 1.860.317.054 kr.

Skuldir og eigið fé: 1.860.317.054 kr.

Sjóður í góðu jafnvægi.

- Styrktar- og sjúkrasjóður
- Vinnudeilusjóður
- Starfsmenntunarsjóður
- Fræðslusjóður
- Mannauðssjóður trúnaðarmanna

Veltutölur eru 2.8 milljarður sem rennur inn í félagið og eftir rekstur eru 480 milljónir eftir og eignir um 6,4 milljarðar.

Sjá nánar í fylgiskjali 2

9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.

Gunnsteinn R. Ómarsson skrifstofustjóri kynnir fjárhagsáætlunina. Hann reiknar með fjölgun félagsfólks og tekur það með inn í reikninginn. Gunnsteinn fjallaði líka um fyrirbyggjandi verkefni orlofssjóðs og fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum orlofssjóðs, m.a. nýbyggingar á Úlfljótsvatni og Akrakoti og stærri viðhaldsverkefni á eldri eignum.

Fundarstjóri opnar mælendaskrá um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Hún heldur til haga spurningu Péturs Ásbjörnssonar til að leggja fyrir formann.

Garðar Svansson þakkar fyrir flotta skýrslu og gerir athugasemdir við nefndir og stjórnir. Hann segir ekki nema 20 nöfn á bak við þau 50 sæti sem eru í stjórnnum og nefndum, að það mætti hafa fleiri félagsmenn í þessum stöðum.

Hann veltir fyrir sér liðnum um aukinn starfsmannakostnað og tekur undir með Pétri að starfsmannavelta sé mikil. Hann óskar skýringa á af hverju starfsmannakostnaður hefur aukist svo mikið umfram tekjuaukningu.

Þá bendir hann á að í styrktar- og sjúkrasjóði sé hækkun upp á 63 milljónir í skýringum með reikningum, bls. 13 undir liðnum ýmsir viðskiptamenn. Hann óskar skýringu á þeirri tölu.

Hann gerir líka athugasemd við hvað gögn eru send seint út fyrir aðalfundinn, þetta sé viðamikil lesning og því ekki nægilegt að fundarmenn fái gögnin ekki send fyrir en tveimur dögum fyrir fund. Hann vill að gögnin séu komin hálfum mánuði fyrir fundinn, svo hægt sé jafnvel að gera athugasemdir fyrir fram og þá brugðist yrði við þeim jafnóðum á fundi.

Gunnsteinn svarar spurningum Péturs og Garðars. Hann skýrir aukinn starfsmannakostnað með þeim hætti að ekki hafi fjölgað stöðugildum, hins vegar hafi ákveðnar áskoranir átt sér stað vegna veikinda meðal starfsmanna. Það sé helsta ástæðan fyrir aukningu á launaliðnum og aðkeyptri þjónustu. Félagið hafi lent í því að fjármáladeildin fór út vegna veikinda á einu bretti og verktaki hafi verið fenginn inn til að leysa þá stöðu. Það hafi reynst mikill happafengur. Hins vegar sé þetta tímabundið ástand og sé lausn í sjónmáli. Eins hafi hreyfing verið í starfsmannahópnum, og endurnýjun átt sér stað.

Varðandi styrktar og sjúkrasjóðinn segir Gunnsteinn að hann hafi ekki samanburðartölurnar, en hins vegar tvöfaldist allt í reikningnum milli ára, bæði tekjur og gjöld. Ástæða þess sé að fyrir árið 2023 hafi félagsfólk verið í tveimur styrktar- og sjúkrasjóðum, félagsmenn hjá borginni hafi verið í Styrktarsjóði BSRB en restin í Styrktar og sjúkrasjóði Sameykis. Allir félagsmenn séu nú sameinaðir í þeim sjóði eftir breytingar.

Skammtímaskuldirnar sem hafi vaxið segir Gunnsteinn að séu fyrst og fremst staðgreiðsluskuldbindingar sem áður voru gerðar upp um áramót en séu nú gerðar upp fyrir áramót.

Særún Þorvarðardóttir tekur til máls og spyr um útistandandi iðgjöld, hvort þetta sé eitthvað sem eigi eftir að flytjast yfir.

Gunnsteinn svarar því játandi, að tekjur og iðgjöld séu færð til tekna á árinu en svo geti verið dráttur á greiðslum frá vinnuveitendum og því skili þær sér seint inn.

Pétur Ásbjörnsson tekur aftur til máls leggur til að Gunnsteinn leggi glærur sýnar líka fram u.þ.b. tveimur dögum fyrir aðalfundinn. Gunnsteinn svarar því þannig til að þetta sé vel mögulegt og segir í raun bara JÁ við því.

Fundarstjóri gefur Þórarni orðið svo hann geti brugðist við spurningum. Hann segir heilt yfir að starfsmannahópurinn sé kröfuharður, sterkur og góður og hafi alltaf verið það. Starfsmannahópurinn hafi gengið í gegnum átök vegna sameiningar og starfsmenn og stjórn hafi verið í góðu og öflugum umbótastarfi til að gera góðan vinnustað enn sterkari. Bæði hafi verið sótt ráðgjöf, komið á fót reglulegum mælingum til að hafa vegvísa til að styrkja skrifstofuna fram á veginn. Sterkt einkenni félagsins, starfsmanna og félagsmanna, sé að unnið hafi verið samhent að því að varða leiðina fram undan. Hann segir þau trúa því að þau séu á réttri leið og munu vakta það saman að vera á þeirri braut.

Gunnar Rúnar Matthíasson tekur til máls og þakkar Þórarni svörin við þessari góðu spurningu um starfsmannaveltu. Hann segir enga launung um að það hafi komið lækkun á ánægju starfsmanna og hafi stjórnin kannað þetta ein og sér. Fundað hafi verið með öllum starfsmönnum eftir að ráðgjafafyrirtæki hafði verið fengin til að taka út starfsemina. Stjórnin hafi unnið verkið vel og fundaði mikið. Hann segist sáttur við hvar við stöndum í dag, góð tenging hafi verið milli stjórnar og starfsmanna. Stjórnin hafi verið brýnd til að standa undir hlutverki sínu og ábyrgð sem fylgir því að vera í stjórn í svo stóru félagi. Hvort óánægja starfsmanna skýri starfsmannavelturna eða hvort það séu óhöpp sem gengið hafi yfir, t.d. veikindi og slys meðal starfsmanna sé ekki gott að segja um. Hann er sáttur við hvernig stjórnendur styðja við bakið á starfsmönnum. Hann segir stjórnina virkilega hafa spurt þeirra spurningar sem Pétur lagði fram og hann sé sáttur við þá útkomu sem fékkst úr vinnu stjórnar.

Fundarstjóri leggur fram ársreikninga félagsins í heild sinni og skýrslu stjórnar til atkvæðagreiðslu. Rafræn atkvæðagreiðsla fer fram. Ársreikningar og skýrsla eru samþykktir með 95,06% greiddra atkvæða, 86 greiddu atkvæði.

Fundarstjóri gefur orðið laust fyrir umræðu um fjárhagsáætlun ársins 2024. Enginn óskar eftir því að koma með spurningar varðandi hana og er því opnað fyrir kosningu um hana. Áætlunin er samþykkt með 93,59% greiddra atkvæða, 78 greiddu atkvæði um hana.

3. Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða.

Fundarstjóri segir tillögur að lagabreytingum hafa legið fyrir 10 dögum fyrir aðalfund og hafa verið aðgengilegar á mínum síðum og á skrifstofu félagsins tveimur dögum fyrir fundinn og býður Þórarni í pontu að kynna fyrirhugaðar lagabreytingar.

Þórarinn segir laganefnd hafa verið að störfum fyrir aðalfundinn. Hún hafi upphaflega verið stofnuð 2021 og hafi áður lagt fram tillögur um lagabreytingar á aðalfundi. Umboð hennar hafi verið endurnýjað nýlega. Í nefndinni sitja Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, sem gegnir hlutverki formanns nefndarinnar, Egill Kristján Björnsson, Rut Ragnarsdóttir, Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, Egill Heiðar Gíslason, Lóa Dís Másdóttir, Helga Bryndís Kristjánsdóttir ásamt Þórarni Eyfjörð.

Eftirfarandi eru tillögur að lagabreytingum:

a) 5. kafli. Stjórnarfundir og stjórnarstörf

19. gr. — Formaður ~~skal boða til funda~~ boðar stjórnarfund, stýrir þeim og gegnir öðrum venjulegum formannsstörfum. Hann leiðir starfsemi félagsins og samskipti út á við og vinnur að stefnumótandi ákvörðunum stjórnar.

Stjórnin ræður skrifstofustjóra og felur honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Stjórn er ekki heimilt að ráða stjórnarfólk eða formann félagsins sem skrifstofustjóra þess. Skrifstofustjóri ræður starfsfólk í samráði við formann. Skrifstofustjóri semur við starfsfólk um laun þeirra.

~~felur formanni daglegan rekstur félagsins og ákveður laun hans.~~

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillögurnar að lagabreytingum.

Bryngeir Bryngeirsson tekur til máls og gerir eftirfarandi breytingartillögu við tillögu laganefndar:

Stjórnarfundir og stjórnarstörf 19. gr. — Formaður skal boða stjórnarfund, stýrir þeim og gegnir öðrum venjulegum formannsstörfum. Hann leiðir starfsemi félagsins og samskipti út á við og vinnur að stefnumótandi ákvörðunum stjórnar.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og felur honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Stjórn er ekki heimilt að ráða stjórnarfólk eða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk að fengnu samþykki stjórnar. Framkvæmdastjóri semur við starfsfólk um laun þeirra.

Eftir að hafa kynnt sér hvernig málum er háttað hjá öðrum stéttarfélögum, gerir hann að tillögu sinni að framkvæmdastjóri annist mannráðningar.

Árni Stefán Jónsson tekur til máls og spyr nánar út í tillöguna að breytingunum hvort annað í lagagreininni haldist óbreytt. Hann ræðir breytingartillögu Bryngeirs og gerir grein fyrir því að ákveðið var á sínum tíma að fara frá því að hafa framkvæmdastjóra eins og verið hafði fyrir sameiningu og hafa frekar skrifstofustjóra. Hann segir það hafa verið gert þar sem framkvæmdastjóri hafi alltaf fylgt með í kjarasamningum og skrifstofan því stjórnlaus á meðan. Því hafi hugsunin verið að þá yrði skilið greinilega á milli að skrifstofustjóri hefði ekkert með kjaramál að gera, heldur alltaf til staðar á skrifstofu svo starfsmenn hefði alltaf yfirmann til staðar til að ráðfæra sig við. Því segir Árni að þetta þurfi að hugsa aðeins betur, að ekki sé ráð að hugsa um það á þessum tíma að skoða framkvæmdastjórafyriðkomulagið, heldur halda í skrifstofustjóranum.

Bryngeir tekur aftur til máls en segir að ekkert standi í lögnum um að framkvæmdastjórinn eigi að vera með í samningunum.

Jón Brynjarsson tekur til máls og spyr hvort Bryngeir sé að gera tvær tillögur, annars vegar að breyta nafngiftinni skrifstofustjóri í framkvæmdastjóri og að framkvæmdastjóri réði starfsfólk með samþykki stjórnar. Bryngeir og fundarstjóri staðfesta þann skilning Jóns.

Særún Þorvarðardóttir tekur aftur til máls og segir að sér hugnist betur tillaga Bryngeirs að framkvæmda- eða skrifstofustjóra verði falið að ráða starfsmenn með samþykki stjórnar.

Gunnar Rúnar Matthíasson tekur til máls og þakkar Árna Stefáni fyrir að skýra forsöguna á breyttu starfsheiti. Hann segir að vinnan í vetur þegar skoðað var ástand á skrifstofunni, hafi m.a. lotið að því að skoða hvort skerpa þyrfti á hlutverki skrifstofustjóra, að hann sé til staðar á skrifstofu sé til staðar fyrir starfsfólk, beri ábyrgð á starfseminni og sjái um allt ráðningarvald. Gunnar kann ekki illa við þá tillögu að hann þurfi að kynna ráðningar fyrir stjórn. Hann kann við skrifstofustjóranafngiftina þar sem sú nafngift feli í sér að aðilinn hafi heimastjórn á skrifstofu.

Fundarstjóri gefur Þórarni orðið. Hann segir mikilvægt á þessari stundu sé að hafa skýra mynd af því hvernig breytingarnar styrkja starfið inn í framtíðina. Hluti af umbótastarfinu var að Þórarinn fletti gögnunum frá sameiningunni sem ráðgjafafyrirtækið Expectus framkvæmdi. Þar komi fram að hluta til það sama og kom út úr umbótastarfinu í vetur. Þar hafi m.a. komið fram að ramma þyrfti inn hlutverk og verkefni skrifstofustjóra sem gert er með þessum tillögum að lagabreytingum. Verkefni skrifstofustjóra nái þannig heilt yfir öll verkefni félagsins og skrifstofunnar. Rætt hafi verið um að starfsheitið fæli vel í sér að viðkomandi annaðist allt þetta utanumhald. Formaður hafi Kjaradeildina undir sinni stjórn. Deildin vinni að kjörum og réttindum félagsfólks og henni þurfi formaður að stýra öllum stundum. Verkefnin séu yfirgripsmikil, ákveðin verkaskipting og allir gangi í takt. Formaður verður að koma að ráðningu þeirra starfsmanna sem munu starfa í Kjaradeildinni og því sé setningin inni um að skrifstofustjóri annist ráðningar í samráði við formann. Skrifstofustjóri ræður sitt fólk, sem eru aðrir starfsmenn en í Kjaradeild. Formaður verði að fá að koma að ráðningum inn í Kjaradeildina.

Þórarinn kemur með þá tillögu, hvort hægt sé að þróa áfram hugmyndina en samþykkja tillöguna eins og hún er sett fram núna frá laganefnd. Hún verði svo endurskoðun áfram, ásamt öðrum lagabreytingum sem lagt verður til í b-lið hér á eftir.

Bryngeir tekur aftur til máls. Hann segir að það sé skrytið að stjórn hafi ekkert um mannráðningar að segja. Hann bendir á að verði hans tillaga samþykkt, muni formaður hafa um ráðningar að segja enda sé hann hluti af stjórn.

Garðar Svansson tekur til máls á ný. Hann segir að skipulagsmál hafi verið til mikillar umræðu þegar sameining félaganna fór fram. Það þurfi að fara varlega í allar breytingar og tekur undir að formaður sé hluti af stjórn. Hann segir varhugavert að gera aftur skipulagsbreytingar á skrifstofu.

Elín Helga Sanko tekur til máls. Hún segir að vegna orðalags tillögu Bryngeirs þá sé ljóst að samþykki stjórnar feli í sér samþykki formannsins.

Þórarinn kemur í pontu og bendir á muninum á því að orðalagið „samþykki“ feli í sér að þá sé óskað samþykkis eftir að ráðningarferli sé lokið en ekki að komið sé að ráðningunum sjálfum. Hann segir að í þessari framsetningu sé það þannig að skrifstofustjóri geti lokið ráðningarferli og lagt svo fram tillögu að ráðningum til stjórnar til samþykkis. Þórarinn leggur áherslu á að mikilvægt sé að lögin styðji að þeir geti staðið að málum saman. Því sé um að ræða

ráðningarferlið sjálft, að þeir sem stýra félaginu á þessum tveimur meginbrautum komi að ferlinu. Þannig séu báðir aðilar ábyrgir fyrir ráðningum á starfsfólki á sínum sviðum.

Hins vegar segir hann góða starfshætti vera að þessi mál séu sannarlega borin upp í stjórn, farið yfir bakgrunn þeirra sem gerð er tillaga um ráðningu á.

Hann leggur til að umræðu um þetta verði frestað að sinni.

Fundarstjóri spyr hvort fundarmenn séu tilbúnir að samþykka tillögu Þórarins um að fresta umræðu um tillögurnar að breytingu þessarar lagagreinar. Þórarinn segir að hann sé í raun að óska þess að Bryngeir dragi tillögu sína til baka sem hann gerir ekki.

Garðar Hilmarsson tekur til máls og segir það sína skoðun að fyrri tillagan sé skýrari. Honum finnst að breytingartillagan sem segi að framkvæmdarstjóri ráði starfsfólk með samþykki stjórnar sé nægilega góð, að honum finnst undarlegt að þurfi samþykki stjórnar fyrir ráðningu. Honum finnst það mikil flækja. Sé hins vegar aðeins verið að óska eftir samþykki stjórnar fyrir tillögum skrifstofustjóra, þá sé betra að binda það við tillögu formanns.

Gunnar Rúnar Matthíasson tekur til máls og þakkar Garðari fyrir að benda á flækjuna. Hann sé hins vegar ekki sammála niðurstöðu hans. Hann segir að ráðning fari þannig fram, að ráðningarferli fari í gang og sú ákvörðun sé hluti af því að við getum borið höfuðið hátt sem félag, að ræða þurfi hvort auglýst verði og þannig þurfi samþykki stjórnar. Formaður geti unnið þetta ferli í samráði við skrifstofustjóra. Hann segir að mikið reyni oft á stjórnir stéttarféлага og það sé mikilvægt að brýna stjórn í hlutverki sínu. Hann segir að félagslega kjörin stjórn félagsins sé vel til þess fallin að koma að þessu ferli. Það megi jafnvel breyta orðalaginu „samþykki“ í „samráð“.

Marías Sveinsson úr lífeyrisdeild Sameykis tekur til máls. Hann segir það venjulega þannig í fyrirtækjum að framkvæmdastjóri annast reksturinn. Hann segir ekki almennt að stjórn annast ráðningar, heldur sé það framkvæmdastjóri.

Fundarstjóri leggur til að atkvæðagreiðsla verði þannig að greidd verði atkvæði um tillögu Bryngeirs. Þá þannig, að Bryngeir hefur dregið til baka tillöguna að breytingu á starfsheiti, s.s. að hafa „framkvæmdarstjóri“ í stað „skrifstofustjóra“ en að „...að fengnu samþykki stjórnar.“ sé inni. Fundurinn samþykkir að greiða atkvæðu um þessa tillögu með breytingunni sem kynnt var. Kosning fer fram um tillöguna og er henni hafnað með 51,85% greiddra atkvæða, en meirihluta þurfti fyrir niðurstöðuna.

Þá er aftur opnuð umræða um tillögurnar að lagabreytingum eins og þær voru lagðar fyrir í upphafi frá laganefnd.

Kári Sigurðsson tekur til máls og leggur fram breytingartillögu við tillöguna og gerir tillögu að því að bætt verði inn í tillöguna að sett verði inn orðalagið „samþykki stjórnar“. Það sé skrifstofustjóri sem skuli annast ráðningar inn á skrifstofu og í samráði við stjórnina. Að tekið sé út orðið „formann“ og sett inn „stjórn“ og því sé þetta í raun í samráði við stjórn.

Fundarstjóri segir að ef þessi tillaga Kára verði felld, þá standi upphaflega tillagan og greiða þurfi þá atkvæði um hana. Kára tillaga þurfi 2/3 hluta atkvæða til að vera samþykkt.

Tillagan er sett í atkvæðagreiðslu og er hún samþykkt með 62,95% greiddra atkvæða en 81 greiddu atkvæði.

Þá eru greidd atkvæði um upprunalegu tillögu laganefndarinnar með breytingunni sem samþykkt var að tillögu Kára.

Tillagan er samþykkt með 86,08% og greiddu 79 atkvæði.

b) Áskorun frá aðalfundi Sameykis árið 2024 til stjórnar og Trúnaðarmannaráðs

Fundarstjóri býður Þórarni í pontu sem kynnir áskorunina sem laganefnd lagði fyrir aðalfund Sameykis 2024. Hugmyndin stefni að því að grunnurinn í stjórn sé alltaf sterkur og þurfi að sjá til þess að eðlileg útskipti í stjórn verði tryggð. Laganefnd komst ekki að endanlegri niðurstöðu og lagði því tillöguna fyrir aðalfund. Hún er eftirfarandi:

Áskorun frá aðalfundi Sameykis árið 2024 til stjórnar og Trúnaðarmannaráðs

Í lögum Sameykis er kveðið á um að 14 manna stjórn skuli kjörin á kosningaári, eða eins og segir í lögnum; „Stjórn félagsins skipa fimmtán einstaklingar, formaður og fjórtán meðstjórnendur, er skulu kosnir úr hópi fullgilds félagsfólks til þriggja ára í senn“. Þessi regla getur mögulega leitt til þess að allt stjórnarfolk gæti sagt sig frá stjórnarstörfum í einu lagi. Önnur staða sem gæti komið upp er að allt stjórnarfolk geti í einu lagi verið kosið út úr stjórninni.

Sameyki stéttarfélag er eitt af þremur stærstu stéttarfélögum á Íslandi. Félagið hefur því ríkar skyldur að halda uppi faglegu starfi á traustum grunni, þar sem félagsfólk getur gengið að því vísu að hagsmunir þess séu ávallt varðir og kjör og réttindi tryggð. Um leið verður félagið að opna á eðlilega endurnýjun í stjórn félagsins þannig að félagið þróist í takt við breytingar í samfélaginu. Þannig eiga nýjar áherslur og ný viðhorf í samfélaginu, að vera eðlilegur þáttur í þróun félagsins.

Í ljósi þessa beinir aðalfundur Sameykis 2024 því til stjórnar og Trúnaðarmannaráðs félagsins, að kanna möguleika á og útfæra tillögur að útskiptireglu við stjórnarkjör. Markmiðið er að tryggja megi eftir bestu leiðum að þekking og reynsla haldist í stjórnun félagsins, en á sama tíma verði eðlileg endurnýjun stjórnarfólks milli kosningaára.

Aðalfundur felur formanni félagsins að leiða þetta verkefni og tryggja að umfjöllun eigi sér stað innan stjórnar og Trúnaðarmannaráðs á starfsárinu og tillaga að breyttu fyrirkomulagi verði lögð fyrir Trúnaðarmannaráð á fyrsta fundi ráðsins á árinu 2026.

Fundarstjóri býður upp á umræður um áskorunina.

Garðar Svansson tekur til máls og segir að þessi tillaga sé til mikilla bóta. Hann segir að það sé algengt að félög séu með útskiptireglur til að forðast að skapist ófremdarástand ef öll stjórn gangi úr hlutverki í einu.

Hann gerir þá tillögu að þessi nefnd taki að sér hlutverk uppstillingarnefndar líka. Þá þannig að uppstillingarnefnd geri þá tillögu að stjórn, þessum 14 aðilum en að kosið verði um formann. Hann segir að hlutverk uppstillingarnefndar sé þá að sjá til að þeir sem bjóði sig fram til formanns hafi nægilega meðmælendum á bak við sig. Hann segir að verið sé að taka lýðræðið af félagsmönnum að fá ekki að kjósa um þá sem gefa kost á sér til formanns. Hann leggur þannig til að hlutverk uppstillingarnefndar verði endurskoðað.

Fundarstjóri segir að formaður sem muni leiða þetta verkefni hafi heyrt þessa umræðu og taki hana með sér inn í starfið.

Fleiri taka ekki til máls og þar sem salurinn gerir ekki neina tillögu að breytingum á tillögunni þá þurfi ekki atkvæðagreiðslu og er tillagan því samþykkt.

4. Úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu í stjórnarkjöri kynnt.

Fundarstjóri gerir grein fyrir ferlinu við auglýsingu eftir framboðum til formanns og setu í stjórn Sameykis. Uppstillinganefnd stillti upp tillögu að formanni og stjórn og bærust engin mótframboð tímanlega fyrir aðalfundinn og er stjórnin því sjálfkjörin og er sem hér segir:

Þórarinn Eyfjörð formaður

Ása Guðmundardóttir – Háskólanum á Akureyri
Bryngeir Arnar Bryngeirsson – Frístundamiðstöðinni Brúin, Rvk.
Egill Kristján Björnsson – Fangelismálastofnun
Herdís Jóhannsdóttir – Fjármála- og áhættustýringarsvið, Rvk.
Ingibjörg Sif Sigríðardóttir – Orkuveitu Reykjavíkur
Ingunn Hafdís Þorláksdóttir – Seltjarnarnesbæ
Jón Brynjarsson – Landspítala
Kári Sigurðsson – Frístundamiðstöðinni Miðbergi, Reykjavíkurborg
Kristín Erna Arnardóttir – Kvikmyndamiðstöð Íslands
Ólafía L. Sævarsdóttir – Tryggingastofnun ríkisins
Rut Ragnarsdóttir – Borgarbókasafni, Reykjavíkurborg
Styrmir Jónasson Olsen – Klettabæ
Suzana Vranjes – Sjúkratryggingum Íslands
Svanhildur Steinarsdóttir – Menntamálastofnun

Þórarinn kemur upp og þakkar traustið og óskar nýrri stjórn til hamingju og býður nýtt stjórnarfolk velkomið, en það eru Ása Guðmundardóttir, Jón Brynjarsson, Kristín Erna Arnardóttir, Styrmir Jónasson Olsen og Suzana Vranjes.

Hann kallar alla þá sem eiga sæti í nýkjörinni stjórn og eru í salnum upp að púlti og er klappað fyrir henni

Þórarinn þakkar fráfarandi stjórnarfolki fyrir þeirra störf. Þeir sem láta af störfum í stjórn eru þau: Berglind Margrét Njálsdóttir, Elín Helga Sanko, Gunnar Rúnar Matthíasson og Jóhanna Lára Óttarsdóttir. Fráfarandi stjórnarfolk sem er á staðnum er kallað upp á svið og leyst út með gjöfum, en það eru Gunnar Rúnar og Jóhanna Lára.

5. Kosning löggilts endurskoðanda félagsreikninga, tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.

Borið upp af Gunnsteini:

Tillaga stjórnar: Að endurskoðun fari í útboð og að skrifstofu verði falið að annast útboðið. Val endurskoðanda að útboði loknu verði í samráði við stjórn félagsins.

Tillagan er samþykkt.

Tillaga um skoðunarmenn reikninga – 2 aðal og 2 til vara

Tillaga borin upp af fundarstjóra:

- Birgitta Vigfúsdóttir – aðalmaður
- Egill Heiðar Gíslason – aðalmaður

- Ásdís Hrund Þórarinsdóttir - til vara
- Inga Lára Pétursdóttir - til vara

Tillagan er samþykkt.

6. Kosnir fimm einstaklingar í kjörstjórn og jafnmargir til vara.

Uppstillingarnefnd auglýsti eftir frambjóðendum í Kjörstjórn 13. nóv. 2023 á vef Sameykis og í veffréttabréfi til félagsfólks daginn eftir.

Uppstillingarnefnd kynnti uppstillingu nefndarinnar á fundi trúnaðarmannaráðs 25. janúar sl. ekki bárust aðrar tillögur og var því uppstilling samþykkt af Trúnaðarmannaráði.

Ef tillögur koma fram á fundinum um aðra fulltrúa fer fram kosning.

Uppstilling í Kjörstjórn 2024- 2027

Björg Snjólfsdóttir - Hrafnistu

Halldór Sveinn Hauksson – Vegagerðinni

Ingvar Skúlason - Vegagerðinni

Kalla Björg Karlsdóttir – Vesturbæjarskóla, Reykjavíkurborg

Þórdís Björk Sigurgestsdóttir – Faxaflóahöfnum sf.

5 varamenn 2024- 2027

Elínborg Ragnarsdóttir – Umhverfis- og skipulagssviði, Reykjavíkurborg

Höskuldur Einarsson – Vinnumálastofnun

Jóhanna Lára Óttarsdóttir – Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu

Olga Gunnarsdóttir – Hrafnistu

Stefán Gíslason – Umhverfis- og skipulagssviði, Reykjavíkurborg

Tillagan er samþykkt.

7. Ákveðið árgjald félagsfólks og skipting þess milli sjóða.

Borið upp af Þórnari:

Þórnarinn rekur sögu málsins. Hann segir að tillagan sem samþykkt var á aðalfundi 2022 til tveggja ára um hækkun félagsgjalds og skiptingu þess milli félags- og vinnudeilusjóðs.

Hann færir rök fyrir tillögu stjórnar um félagsgjald og skiptingu þess, fer yfir stöðuna á vinnumarkaði og mikilvægi þess að eiga drjúgan verkfallssjóðs ef til almennra verkfalla kæmi. Í raun þurfi að tvöfalda sjóðinn eins og hann stendur í dag. Það gerist hægt og bítandi, en næðist með því að halda framlaginu áfram hækkuðu inn í sjóðinn.

Hann segir að stjórn Sameykis leggi til að félagsgjald verði áfram 1,1% af heildarlaunum félagsfólks og skipting þess verði áfram þannig að það renni 0,87% gjald til Félagssjóðs, en gjaldið til Vinnudeilusjóðs verði 0,23%.

Fundarstjóri gefur orðið laust vegna þessarar tillögu.

Jón Brynjarsson tekur til máls og spyr hversu lengi þessi framlenging eigi að vera.

Þórnarinn kemur aftur í pontu og skýrir að hann telji betra að leggja það til ótímabundið og málið verði svo tekið upp aftur á síðari stigum á aðalfundum í framtíðinni.

Fundarstjóri segir að þessi liður sé á dagskrá allra aðalfunda og því hægt að taka umræðuna upp á hvaða aðalfundi sem er.

Hún spyr hvort einhver andmæli séu gegn þessari tillögu og eru þau engin. Tillagan er því einróma samþykkt.

8. Kosið í stjórn orlofssjóðs, vinnudeilusjóðs, starfsmenntunarsjóðs og styrktar- og sjúkrasjóðs skv. reglum þeirra.

Uppstillingarnefnd auglýsti eftir frambjóðendum í stjórnir sjóða 13. nóv. 2023 á vef Sameykis og í veffréttabréfi til félagsfólks daginn eftir.

Uppstillingarnefnd kynnti uppstillingu nefndarinnar á fundi trúnaðarmannaráðs 25. janúar sl. ekki bárust aðrar tillögur og var því uppstilling samþykkt af Trúnaðarmannaráði.

Ef tillögur koma fram á fundinum um aðra fulltrúa fer fram kosning.

Uppstilling til stjórnar Orlofssjóðs 2024- 2027

Eyþór Agnarsson - Klettabæ

Gunnlaugur Ísleifsson – Menntaskólanum við Sund

María Hlín Eggertsdóttir – Sýslumanninum á Vesturlandi

Skapti Jóhann Haraldsson – Dalskóla, Reykjavíkurborg

Sólveig Jóna Jónasdóttir – Landspítalanum

Tillagan er samþykkt.

Uppstilling til stjórnar Vinnudeilusjóðs 2024- 2027

Garðar Svansson – Fangelsismálastofnun

Hákon Jónas Hjaltalín Hákonarson – Strætó bs.

Helga A Þórðardóttir – Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu

Pétur Ásbjörnsson – Landspítala

Rhea Juarez – Ási styrktarfélagi

Tillagan er samþykkt.

Uppstilling til stjórnar starfsmenntunarsjóðs 2024- 2027

Ásta Björg Björgvinsdóttir – Félagsmiðstöðinni Laugó, Reykjavíkurborg

Bjarni B. Bjarnason – Umhverfis- og skipulagssviði, Reykjavíkurborg

Jóhanna Rúnarsdóttir – Þjónustuíbúðum aldraðra Dalbraut, Reykjavíkurborg

Trausti Jónsson – Velferðarsviði, Reykjavíkurborg

Þórdís Viborg – Öryrkjabandalaginu

Tillagan er samþykkt.

Uppstilling til stjórnar Styrktar- og sjúkrasjóðs 2024- 2027

Erlingur Arthursson – Heilsustofnun NLFÍ

Katrín Kristín Hallgrímsdóttir – Hólabrekkuskóla, Reykjavíkurborg

Ómar Árnason – Tækniskólanum

Pálmey H Gísladóttir – Ráðgjafar- og greiningarstöð

Valdís Þóra Gunnarsdóttir – Sýslumanninum á Suðurnesjum

Tillagan er samþykkt.

9. Ályktanir aðalfundar afgreiddar

Fundarstjóri fer yfir tillögur stjórnar Sameykis að ályktunum aðalfundar.

1. Jöfnun launa milli markaða

Opinberir starfsmenn krefjast þess að staðið verði að fullu og öllu við jöfnun launa milli markaða og að marktæk skref í framkvæmdinni verði stigin án tafar. Jöfnun launa milli markaða er jafnréttis- og mannréttindamál og opinberir launagreiðendur mega ekki undir neinum kringumstæðum komast undan því að standa við gerða samninga.

Árið 2016 tókst samkomulag milli ríkis, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga annars vegar og allra opinberra starfsmanna hins vegar um að jafna kjör, bæði hvað varðar launasetningu á starfsævinni og einnig varðandi lífeyrisgreiðslur. Fyrir hönd ríkisins undirrituðu forsætisráðherra og fjármálaherra samkomulagið.

Samkomulagið gengur út á að jafna lífeyrisréttindin þannig að réttur launafólks sé sambærilegur, bæði hjá starfsfólki sem unnið hefur hjá hinu opinbera og á almenna markaðnum. Leiðréttingu á lífeyrisréttindum starfsfólks á almennum markaði átti að framkvæma á þremur árum og gekk það eftir. Leiðréttingu til opinberra starfsmanna sem fólst í jöfnun launa á milli markaða átti að framkvæma á 6–10 árum. Launabilið var metið að meðaltali um 16,7 prósent, opinberu starfsfólki í óhag. Í tímasettri áætlun átti fyrsta skrefið í leiðréttingunni að koma til framkvæmdar þann 1. janúar 2021. Eitt hænuskref hefur verið tekið í þessu verkefni með áfangasamkomulagi um 1% framlag til leiðréttingar!

Fundarstjóri spyr hvort einhver vilji taka til orðs vegna þessarar tillögu.

Árni Stefán Jónsson tekur til máls og bendir á að orðalagið „Opinberir starfsmenn“ sé ekki rétt. Hann segir að þurfi að standa „Aðalfundur Sameykis“. Tekið verður tillit til þessarar ábendingar og textinn leiðréttur í samræmi við hana.

Þórarinn bendir á að orðið fjármálaráðherra sé misritað í textanum en þar stendur fjármálaherra og verður það leiðrétt.

Jakobína bendir á að fulltrúar sveitafélaga hafi líka ritað undir samkomulagið og jöfnun launa milli markaða

Fundarstjóri spyr hvort fleiri athugasemdir séu við ályktunina, svo er ekki og er hún því samþykkt.

2. Staða barnafólks á vinnumarkaði

Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu lýsir þungum áhyggjum af andvaraleysi stjórnvalda um stöðu barnafólks á vinnumarkaði. Stjórnvöld þurfa að grípa til aðgerða og bæta stöðu þessa hóps.

Stjórnvöld hafa litið fram hjá stöðu einhleypra mæðra og fedra sem hafa það verst á vinnumarkaðnum. Barnafólk býr almennt við þyngri byrði húsnæðiskostnaðar en barnlaus, hátt hlutfall foreldra hefur ekki efni á grunnþáttum fyrir börnin sín og eru líklegri til að vera með yfirdráttarlán en aðrir. Tæplega fjórðungur einhleypra foreldra býr við efnislegan skort og ríflega sex af hverjum tíu einhleyfum mæðrum gætu ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum samkvæmt rannsókn Vörðu á vinnumarkaðnum. Andleg heilsa ungra kvenna og einhleypra

mæðra er auk þess áberandi verri en annarra hópa en ríflega helmingur þeirra býr við slæma andlega heilsu.

Fundarstjóri endurtekur ábendingu Árna Stefáns úr sal, þar sem hann spyr hvað átt sé við um „grunnþáttum fyrir börn sín“. Þetta verður tekið til skoðunar á skrifstofunni.

Spurt er hvort ekki þurfi að segja „Aðalfundur Sameykis“ í stað „Sameyki stéttarfélag“ í upphafi ályktunar. Samþykkt er að þetta verði tekið til skoðunar hjá skrifstofu.

Ekki fleiri athugasemdir gerðar og er ályktunin samþykkt.

3. Efla þarf heilbrigðiskerfið

Ljóst er að heilbrigðiskerfið á Íslandi stendur á brauðfótum. Almennigur hefur lengi kallað eftir að kerfið geti mætt þörfum landsmanna með sama hætti og gert er á hinum Norðurlöndunum. Sameyki stéttarfélag í almannaðjónustu krefst þess að ríkisstjórn Íslands bregðist nú þegar við mjög örum samfélagsbreytingum sökum stóraukinnar eftirspurnar eftir heilbrigðisþjónustu vegna fjölgunar landsmanna og fjölda ferðamanna. Ekki hafa verið þróaðir innviðir til að mæta aukinni umönnunarþörf og kröfum um betri þjónustu. Samkvæmt Hagstofu Íslands eru heilbrigðisútgjöld á Íslandi af vergri landsframleiðslu undir meðaltali aðildarríkja OECD og hafa verið það frá árinu 2010. Sameyki krefst þess að ríkisstjórnin efli heilbrigðiskerfið til að mæta þjónustuþörfinni með auknum fjárframlögum af vergri landsframleiðslu til kerfisins í samræmi við hin Norðurlöndin.

Engar athugasemdir koma við ályktunina og er hún samþykkt.

4. Tilfærslukerfin

Sameyki stéttarfélag í almannaðjónustu lýsir ánægju með að ríkisvaldið hyggist efla tilfærslukerfin sem skorið hefur verið niður í með markvissum hætti undanfarin ár. Tilfærslukerfin þjóna þeim tilgangi að létta undir ungum fjölskyldum með barnabótum, tekjulágum með vaxtabótum og húsnæðisbótum o.s.frv. Sameyki varar við að stjórnvöld auki álögur á launafólk með hækkun opinberra gjalda til að mæta útgjöldum til eflingar tilfærslukerfanna. Þá krefst Sameyki þess af ríkisstjórninni að tilfærslukerfin verði fjármögnuð með hækkunum á veiðigjöldum, annarri nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar og með hækkun á bankaskatti.

Fundarstjóri bendir á misritun í orðalagi í upphafi ályktunar og leggur til að skrifstofu verði falið að lagfæra það og er tillagan samþykkt með þeirri ábendingu.

5. Auðlindir í þjóðareign

Sameyki stéttarfélag í almannaðjónustu áréttar að auðlindir eigi að vera sameign þjóðarinnar og tryggja beri það með ákvæði í stjórnarskrá. Þá er mikilvægt að eðlileg gjöld séu greidd fyrir nýtingu þeirra.

Sameyki krefst þess að innviðir raf- og vatnsveitu verði alfarið í eigu íslensku þjóðarinnar en ekki útlendra fjárfesta eða vogunarsjóða sem hafa það eitt að markmiði að hagnast og skila arði til eigenda sinna. Það hefur sannast að kostnaður við að verja mannvirki og rekstur orkufyrirtækja þegar náttúruvá steðjar að lendir á almenningi í landinu. Á meðan ríkissjóður greiðir milljarða króna í varnargarða á Reykjanesskaga greiðir einkafyrirtækið HS Orka eigendum sínum milljarða króna í arðgreiðslur. Slíkt fyrirkomulag er óásættanlegt fyrir launafólk og almenning á Íslandi.

Engar athugasemdir eru gerðar við þessa ályktun og er hún því samþykkt.

6. Húsnæðis- og vaxtamál

Sameyki stéttarfélag í almannaðjónustu lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðunni á húsnæðis- og húsnæðislánamarkaði. Sameyki kallar eftir skýrum aðgerðum sem tryggja stöðugleika til framtíðar á húsnæðismarkaði og að þegar í stað verði farið að vinda ofan af umdeildum stýrivöxtum hins opinbera.

Húsnæðismál eru eitt af stærstu kjaramálunum. Stjórnvöld verða að axla sína ábyrgð á að ná stöðugleika á húsnæðismarkaði eins og stéttarfélög í landinu hafa kallað eftir undanfarin ár. Auk þess verða stjórnvöld og tryggja að allir íbúar landsins hafi þak yfir höfuðið á viðráðanlegum kjörum.

Engar athugasemdir eru gerðar við þessa ályktun og er hún því samþykkt.

7. Fatlað fólk er fjölbreyttur hópur, með ósýnilega eða sýnilega fötlun

Sameyki stéttarfélag í almannaðjónustu vill vekja athygli á bágrri stöðu fatlaðs fólks á Íslandi. Mikilvægt er að styðja atvinnuþátttöku en mjög erfitt hefur reynst fyrir fatlað fólk að fá vinnu við hæfi og getu. Stór hluti þess býr við sára fátækt og hefur af þeim sökum ekki tækifæri til að lifa mannsæmandi lífi til jafns við aðra eða að styðja börn sín til þátttöku í tómsunda-, félags- og eða íþróttastarfi. Þetta ýtir undir enn frekari stéttaskiptingu sem hefur farið vaxandi umliðin ár.

Í því tilliti er sérstaklega mikilvægt að huga að húsnæði. Aðgengi að öruggu og heilnæmu húsnæði er ein af grunnforsendum þess að skapa velsældarsamfélag. Aðgengi að húsnæði eitt og sér dugar þó skammt ef byrði húsnæðiskostnaðar er of þung eins og er í tilviki fatlaðra einstaklinga sem ekki njóta annarrar innkomu en lífeyrisgreiðslna almannatrygginga. Sameyki brýnir fyrir stjórnvöldum að bæta hag fatlaðs fólks til jafns við aðra.

Fyrirspurn úr sal er á þá leið hvort talað sé ekki um fólk með fötlun frekar en fatlað fólk.

Þórarinn svarar þessu og segir að grunnurinn í þessum texta sé unninn með Öryrkjabandalaginu og því komið frá þeim.

Engar frekari athugasemdir koma fram og er ályktunin því samþykkt.

8. Fátækt í boði stjórnvalda

Mjög brýnt er að gera róttækar breytingar á ellilífeyri almannatrygginga, m.a. með því að draga úr skerðingu vegna tekna frá lífeyrissjóðum og taka sérstaklega á kjörum þeirra sem eru með lægstan lífeyri. Sé íslenska eftirlaunakerfið borið saman við það danska og hollenska, sem eru sambærileg kerfi, sker það íslenska sig úr fyrir gríðarlegar tekjutengingar.

Af þeim rúmlega 40.000 manns sem taka ellilífeyri frá TR eru um helmingur með lífeyri sér til framfærslu undir lægstu launum. Skerðingu er beitt með sama hætti gegn þeim sem eru með 70.000 kr. frá lífeyrissjóðum og þeim sem hafa 570.000 kr. eða meira. Engin lágmarksframfærsla er tryggð. Núverandi kerfi býr til og viðheldur fátækt og knýja þarf á stjórnvöld til breyta stefnu sinni sem stuðlar að fátækt eldri borgara.

- Tryggja þarf að lágmarkslífeyrir sé aldrei lægri en lægsti launataxti og tryggja að hann fylgi launaþróun.
- Draga þarf úr skerðingu vegna tekna frá lífeyrissjóðum.
- Árlegar hækkanir lífeyris og frítekjumarka eiga ávallt að fylgja launavísitölu.

Til að ná fram breytingum á kjörum eldri félagsmanna sem komnir eru á eftirlaun er nauðsynlegt að stéttarfélögin líti á þeirra baráttu sem sína eigin.

Spurt er í sal hvað átt sé við hvað átt sé við með að sama skerðing sé fyrir þá sem eru með 70.000 kr. frá lífeyrissjóðum eða 570.000 kr. eða meira.

Þórarinn segir að þessi texti hafi komið frá Landsambandi eldri borgara. Hann leggur til að farið verði í rannsóknarvinnu til að tryggja að textinn fari ekki rangur frá aðalfundi.

Engar frekari athugasemdir eru gerðar við þessa ályktun og er hún því samþykkt.

10. Önnur mál.

Samkomulag um réttindaflutning á milli styrktar- og sjúkrasjóða ASÍ og BSRB

Fundarstjóri fer yfir sameiginlega yfirlýsingu ASÍ og BSRB (sjá fylgiskjal nr. 1)

Félagsmaður úr sal spyr nánar út í textann, hún vill skerpa á því hvort það sé rétt skilið að einstaklingur haldi réttindum sínum hjá fyrra félagi eftir að hann hættir og er svarið já, í þrjá mánuði.

Engar frekari athugasemdir eru gerðar við yfirlýsinguna og er hún því samþykkt.

Trúnaðarmenn ársins kynntir

Þórarinn kynnir hvað lagt er til grundvallar við val á trúnaðarmönnum ársins. Hann segir að þeir aðilar sem urðu fyrir vali að þessu sinni séu virkri í kjaramálum og óhræddir við að koma skoðunum sínum á framfæri á fundum.

Sá fyrri er reyndur trúnaðarmaður, öflugur í að miðla upplýsingum til sína félagsmanna, er formaður í fagfélagi atvinnubílstjóra hjá Strætó, hann heitir Pétur Karlsson.

Hinn trúnaðarmaðurinn hefur setið í trúnaðar- og fulltrúaráði, setið í samninganefnd og sýnt að hún er öflug í sínu hlutverki. Það er Ragnheiður Heidi Hansen hjá Skálatúni.

Fundarstjóri spyr fundarmenn hvort einhver vilji taka til máls undir liðnum Önnur mál.

Marías Sveinsson stígur í pontu. Hann leggur fram tillögu frá lífeyrisdeild Sameykis að stjórn félagsins taki einstaklinga úr lífeyrisdeildinni inn í samninganefnd félagsins. Hann segir að áður hafi gilt svokölluð eftirmannsregla sem nú hefur verið lögð af. Hann segir að þeir sem borið hafi upp félagið í gegnum árin séu nánast einskis metnir. Hann segir að álit margra eldri félaga sé að ekki sé tekið tillit til þeirra og því dvíni áhugi þeirra á þátttöku í félagsstarfinu. Marías skilaði tillögu sinni inn skriflega.

Þórarinn stígur í pontu og segir að ályktunin sem lögð var fyrir fundinn um kjör eldri borgara komi einmitt fram að mikilvægt sé að virkja þá sjálfa til þátttöku í ákvörðun um þeirra kjör.

Fundarstjóri tekur fram að fundargerð verði sett á vefinn og hægt sé að senda inn athugasemdir, ef þær berast ekki fyrir 1. maí þá sé litið á fundargerð sem samþykkt.

Þórarinn stígur í pontu og þakkar félagsmönnum fyrir góðan og innihaldsríkan fund. Hann segir umræður hafa verið góðar. Von hans er að við göngum inn í bjarta og þétta tíma. Kjarabaráttan fram undan sé enn mjög óljós og því ómögulegt að spá fyrir um hvert hún muni þróast.

Hann þakkar Þórveigu Þormóðsdóttur fyrir góða fundarstjórn og afhendir henni þakklætisvott fyrir vel unnin störf.

Formaður slítur 6. aðalfundi Sameykis kl. 20:36.



Sameiginleg yfirlýsing ASÍ og BSRB um útfærslu réttindaflutnings milli sjúkrasjóða aðildarfélaga

Árið 2019 skrifuðu Alþýðusamband Íslands og BSRB undir viljayfirlýsingu varðandi réttindaflutning milli sjúkra- og styrktarsjóða fyrir félagsfólk aðildarfélaga. Í yfirlýsingunni segir að ASÍ og BSRB séu sammála um að vinna að því að tryggja flutning réttinda félagsfólks aðildarfélaga sinna milli sjúkra- og styrktarsjóða við breytingu á félagsaðild. Tilgangurinn er að tryggja að réttur einstaklinga til sjúkradagpeninga og dánarbóta haldist þegar flutningur verður frá aðildarfélagi ASÍ og yfir til BSRB, eða öfugt, sem annars veldur því að einstaklingurinn þarf að ávinna sér aftur réttindi hjá hinu nýja stéttarfélagi samkvæmt úthlutunarreglum þess. Fulltrúar ASÍ og BSRB hafa undanfarin misseri blásið lífi í þá vinnu og komið sér saman um efni þessarar sameiginlegu yfirlýsingar varðandi útfærslu. Fulltrúar ASÍ og BSRB eru sammála um að til að byrja með sé heppilegra að breytingarnar lúti eingöngu að rétti til greiðslu sjúkradagpeninga og dánarbóta en lýsa þó yfir vilja sínum til að útvíkka umræðuna að öðrum styrkjum þegar reynsla komin á hina nýju framkvæmd. Jafnframt skuli endurskoða þær breytingar sem um ræðir hér að þremur árum liðnum og fara þar yfir reynslu af breytingunum.

Með vísan í framangreint lýsa undirrituð því yfir að gera eftirfarandi;

- miðstjórn ASÍ hlutist til um að 49. gr. laga ASÍ um lágmarksreglur í sjúkrasjóðum aðildarfélaga verði breytt á þann hátt réttindaflutningur verði tryggður á milli aðildarfélaga ASÍ og BSRB hvað varðar rétt til sjúkradagpeninga og dánarbóta.
- forsvarsfólk sjóða BSRB hlutist til um að framkvæmd verði breyting á úthlutunarreglum eða eftir atvikum reglugerðum á næsta aðalfundi viðkomandi sjóða á þann hátt réttindaflutningur verði tryggður á milli aðildarfélaga ASÍ og BSRB hvað varðar rétt til sjúkradagpeninga og dánarbóta.

Aðilar eru sammála um að framangreint megi gera með því að innleiða svohljóðandi reglu í viðeigandi reglugerðir/úthlutunarreglur

Sá sem hefur öðlast rétt til greiðslu sjúkradagpeninga og dánarbóta úr sjúkrasjóði aðildarfélags innan ASÍ eða BSRB öðlast þann rétt að nýju innan nýs sjúkrasjóðs innan hinna samtakanna samkvæmt þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félagi. Þegar sótt er um í nýju aðildarfélagi skal umsækjandi leggja fram yfirlit um greiðslur sem hann hefur þegið úr fyrra sjúkrasjóði sl. tólf mánuði.

Þar sem þær breytingar sem hér um ræðir geta almennt einungis farið fram á aðalfundi framangreindra sjóða felst jafnframt í yfirlýsingunni að aðilar munu stuðla að því að þau réttindi sem breytingin felur í sér verði framkvæmd ef upp koma slík mál jafnvel þó að reglan hafi ekki verið formlega tekin inn í viðeigandi lög/úthlutunarreglur.


Yfirlýsing þessi er reist á þeim forsendum að breytingarnar skuli skv. efni sínu vera komnar í fulla framkvæmd eigi síðar en 1. desember 2024 og skuli endurskoðað að þremur árum liðnum með hliðsjón af reynslu breytinganna.

dags. 10. nóvember 2023

f.h. ASÍ



f.h. BSRB



Sameyki allir sjóðir samtals 2023

	Félagssjóður	Orlofsjóður	Styrktar- og sjúkrasjóður	Vinnudeilisjóður	Starfsmenntunar sjóður	Fræðslusjóður	Mannauðsji. trúnaðarmanna	Samtals
Rekstrartekjur	742.475.906	726.051.085	691.391.602	196.298.277	101.156.976	297.989.385	87.202.948	2.842.566.179
Rekstrargjöld	678.109.637	557.034.173	687.990.906	33.695.697	88.528.497	347.698.686	76.067.323	2.469.124.919
Rekstrarhagnaður	64.366.269	169.016.912	3.400.696	162.602.580	12.628.479	-49.709.301	11.135.625	373.441.260
Fjármagnslöir	12.209.445	21.936.839	15.481.224	83.754.966	2.134.279	13.114.394	5.524.209	154.155.356
Lífeyrisskuldbinding	-46.103.619							-46.103.619
Afkoma	30.472.095	190.953.751	18.881.920	246.357.546	14.762.758	-36.594.907	16.659.834	481.492.997
Eignir samtals	1.122.385.843	1.860.317.054	445.783.011	2.390.463.245	89.699.766	342.113.730	161.427.883	6.412.190.532
Eigið fé	400.397.863	1.815.315.861	353.940.904	2.390.463.245	60.734.492	319.913.845	133.890.457	5.474.656.667
Skuldir	721.987.980	45.001.193	91.842.107	0	28.965.274	22.199.885	27.537.426	937.533.865